

221/22

- Fundur haldinn í héraðsráði föstudaginn 9. sept. 2005 kl. 10:00 á skrifstofu héraðsnefndar. Mættir voru: Valgarður Hilmarsson, Jóhann Guðmundsson og Magnús B. Jónsson.

Dagskrá:

1. Starfshópur um iðjuver.
2. Bréf skoðunarmanna
3. Rekstur héraðsskjalasafnsins
4. Framkvæmdir í Hnitbjörgum
5. Framkvæmdir Bogabraut 10
6. Önnur mál

1. Héraðsráð áhvað í sumar að setja á fót starfshóp um iðjukost við Eyjarey í samræmi við umræðu í héraðsnefnd og einnig við gerð svæðisskipulags. Starfshópin skipa héraðsráðið auk Adolfs Berndsen og Jónu Fanneyjar Friðriksdóttur. Starfshópurinn hefur haldið þrjá fundi. Í framhaldi af fundi héraðsnefndar 9. júní var gengið frá samningi við Framgöngu ehf. um gerð frumskýrslu um hugsanlega iðjukosti á milli Skagastrandar og Blönduóss. Í samningnum var gert ráð fyrir að verkinu lyki 15. ágúst. Starfshópurinn hefur teki ákvörðun um að auka umfang verkefnisins og framlengja tímamörk þess.
2. Oddviti lagði fram bréf frá skoðunarmönnum héraðsnefndarinnar þar sem þeir setja fram ábendingar um reksturinn vegna skoðunar þeirra á ársreikningi 2004.
3. Oddviti skýrði frá því að Kolbrún Zophoníasdóttir hefur hafið störf við héraðsskjalasafnið og verður hún í fullu starfi fyrstu þrjá mánuðina og starfshlutfallið síðan endurmetið í ljósi reynslunnar. Héraðsráð samþykkir þessa málsmeðferð.
4. Framkvæmdum við gerð neyðarútgangs úr kjallara Hnitbjarga er að ljúka, endanlegur kostnaður liggur ekki en fyrir.
5. Samið hefur verið við Vélaverkstæði Skagastrandar og Rafmagnsverkstæðið Neistann að breytt er úr ólíukyndingu í rafmagnhitun. Einnig verða endurnýjaðar neysluvatnslagnir.
6. Önnur mál. Rætt var um erindi til fjárlaganefndar og var framkvæmdastjóra falið að athuga með stöðu sýslumannsembættis og vegamál í héraðinu.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 11:30

-----  
Valgarður Hilmarsson-----  
Jóhann Guðmundsson-----  
Magnús B. Jónsson